

LÖG**um breyting á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málslíður 24. gr. laganna orðist svo:

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar, orlofsheimili og sumarbústaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. mars 1983.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.***LÖG****um breyting á lögum nr. 16 13. apríl 1973, um happdrætti
Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 3. gr. orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. mars 1983.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.